

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



<b>Dags eftirlits</b>	8.6.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Margrét Helga Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Íslenska Kalkþörungafélagið	<b>Eftirlitsmaður</b>	Freyr Ævarsson
<b>Heimili</b>	Hafnargata 4, Bíldudal	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	680601-2670	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Halldórsson	<b>ÍSAT nr.</b>	08990
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Almar Sveinsson	<b>Staðsetning</b>	288910,327 584086,181

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra eftirlit ársins 2022 í Kalkþörungaverksmiðjuna.

Í eftirlitinu komu fram fjögur ný frávík og þrjár ábendingar voru settar fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Fyrra eftirlit ársins 2022 í kalkþörungaverksmiðju Íslenska Kalkþörungafélagsins á Bíldudal fór fram þann 8. júní 2022.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Staðan frá síðasta eftirliti
- Skráningar (gr. 4.1 í starfsleyfi)
- Önnur mál

Byrjað var á því að fara yfir starfsemina fyrir nýja eftirlitsmenn. Verksmiðja sem framleiðir eingöngu fóðurbæti, efni er tekið á tveimur stöðum, í Reykjafirði og við Langanes. Þegar efnið hefur verið flokkað er það þurrkað og malað og pakkað í stórsekki og selt. Nýr þurrkari kom árið 2021.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, en engin frávík komu fram og staðfestar voru úrbætur vegna fyrra frávíks varðandi viðeigandi lekavarnir á olútunnum og snyrtilegan frágang á lóð. Unnið hefur verið að því að standsetja húsnæði fiskimjölverksmiðju við hlið verksmiðjunnar. Búið er að steypa gólf og setja olúgildru, en húsnæðið er ætlað fyrir smáviðgerðir og lager fyrir stærri hluti og mun verða tekið í notkun í haust.

Bent var á að tækifæri sé til að hafa úrgangsskráningar sundurliðaðri og markvissari til að greina betur þau tækifæri sem eru til að draga úr úrgangi og bæta endurnýtingarmöguleika. Upp kom sú hugmynd hvort hægt væri að tilgreina það magn poka sem fara til endurvinnslu.

Bent var á að setja græna bókhaldið á heimasíðu verksmiðjunnar, sem og að sýna tölur liðinna ára til samanburðar hvort að árangur hafi náðst.

Innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi er í vinnslu. Allar mælingar eru til staðar en það vantar uppá kerfið til að halda utan um þær. Mælikvarðar þurfa að vera sýnilegir fyrir starfsmenn til hvatningar.

Farið var yfir skráningar samkvæmt grein 4.1 í starfsleyfi.

Útblástursmælingum var skilað eftir eftirlitsheimsóknina, eða 15. júní 2022. Í ljós kom að mælingar frá eldri þurrkara reyndust vera 31,47 mg/Nm<sup>3</sup> og frá nýrri þurrkara 32,24 mg/Nm<sup>3</sup>. Starfsleyfismörk útblásturs frá þurrkurum eru 20 mg/Nm<sup>3</sup>, skv. gr. 3.6 í starfsleyfi.

Hávaðamælingar eiga að vera teknar saman tvisvar á ári. Gögn hafa ekki borist og var óskað eftir þeim í eftirlitinu.

Grænu bókhaldi og losunarbókhaldi var skilað eftir eftirlitsheimsóknina, eða þann 10. júní.

Í eftirlitinu kom fram að mælipunktur 1 vegna mælinga á svifögnum er nú horfinn undir landfyllingu og var Umhverfisstofnun látin vita með bréfi þann 24. janúar 2022. Eftir athugun var niðurstaðan sú að fella skyldi punktin úr mælingum, svo framvegis eru svifagnir mældar á mælipunktum 2-4.

Undir liðnum önnur mál var rætt um fyrirhugaða vindbrjóta skv. gr. 3.3 í starfsleyfi. Bent var á að ef að rekstraraðili telur ekki þörf á slíkum vindbrjótum að þá verði hann að sækja um breytingu á starfsleyfi.

Engar kvartanir eða ábendingar vegna starfseminnar hafa borist Umhverfisstofnun.

Fylgja þarf eftir uppsetningu á vegg sem setja á upp á milli rekstraraðila og Arnarlax.

Farið var yfir áhættumat og upplýsingablað um stjórnvaldssektir sem sent var öllum rekstraraðilum í eftirliti árið 2022.

Í skoðunarferðinni var gengið um svæðið og starfsemin skoðuð. Áberandi var ryk á gólfinu inni í verksmiðjuhúsinu sem mætti bæta til að koma í veg fyrir mengun sbr. 38. gr. laga nr. 7/98.

Bæta þarf árekstrarvörn á horn olíutanks fyrir utan bygginguna.

Umgengni og frágangur á lóð mætti vera betri.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi og losunarbókhaldi ársins 2021 var skilað of seint.
Gr. 3.6 í starfsleyfi	Útblástursmælingar frá eldri þurrkara voru 31,47 mg/Nm <sup>3</sup> og frá nýrri þurrkara 32,24 mg/Nm <sup>3</sup> . Starfsleyfismörk útblásturs frá þurrkurum eru 20 mg/Nm <sup>3</sup> .
Gr. 2.4 í starfsleyfi	Tómir brúsar af spilliefnum þurfa að vera í lekaheldu kari svo það rigni ekki ofan í það.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Tómar olíutunnur, bambar undan olíuhreinsi og öðrum efnum og olíublaut efni eiga að fara í viðeigandi ferli og ekki standa óvarið úti.




## ÁBENDINGAR

Talsvert ryk var á gólfum í verksmiðjunni sem má reyna að minnka.  
Bæta þarf við árekstrarvörn við hægra horn olíutanks utan við bygginguna.  
Bæta þarf umgengni og frágang á lóð utandyra.

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.08.2022



Margrét Helga Guðmundsdóttir

